

# Viðhorfskönnun meðal félagsmanna SAF um Evrópumál - Nóvember 2008



**Verkkaupi:** Samtök ferðaþjónustunnar

**Markmið:** Að kanna viðhorf félagsmanna Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) til Evrópumála.

**Tími fyrirlagningar:** 22. október - 10. nóvember 2008

**Aðferð:** Rafræn fyrirlögn - tölvupóstur með hlekk inn á könnun.

**Úrtak:** Allir félagsmenn í félagatali SAF - alls 277 fyrirtæki (allt þýðið).

**Fjöldi svarenda:** 152

**Svarhlutfall:** 55%

**Svarendur:** framkvæmdastjórar eða forsvarsmenn viðkomandi fyrirtækja.

**Kvarði:** 1-5 þar sem 1 er mjög andvígur/mjög óhagstæður og 5 mjög hlynnt/ur eða mjög hagstæður.


**F. h. HRM 1. desember 2008**

Arney Einarsdóttir

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir

# Evra í stað krónu?

**Spurning:** Ertu hlynnt/ur eða andvíg/ur því að evra verði tekin upp sem gjaldmiðill á Íslandi í stað íslensku krónunnar?



Sama hvort um konur eða karla er að ræða, í báðum tilvikum er meirihluti frekar eða mjög hlynntur því að evra verði tekin upp sem gjaldmiðill í stað íslensku krónunnar, eða alls 83% svarenda.

Líkegra er þó að karlar taki meira afgerandi afstöðu með upptöku evru en konur og svarendur á höfuðborgarsvæðinu eru jafnframt líklegri til að vera mjög hlynntir en þeir sem eru á landsbyggðinni.

Heildarfjöldi svarenda: 152



Fjöldi kvenna: 40

Fjöldi karla: 111

Fjöldi höfuðborgarsv: 87


Fjöldi landsbyggð: 65

**Meðaltal:** 4,26 (kvarðinn 1-5)





# Aðild Íslands að ESB?

**Spurning:** Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur aðild Íslands að Evrópusambandinu?



Alls 64% svarenda er hlynntur aðild Íslands að Evrópusambandinu. Nokkuð hátt hlutfall svarenda tekur þó ekki afstöðu hér, eða alls 15% sem er nokkuð hærra hlutfall en í öðrum spurningum.

Bæði meirihluti kvenna og karla er hlynntur aðild að ESB, en þær konur sem taka afstöðu gegn aðild eru þó líklegri en karlar til að taka afgerandi afstöðu og vera mjög andvigar. Ekki er mikill munur á afstöðu eftir því hvort svarendur eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.




Heildarfjöldi svarenda: 151  
 Fjöldi kvenna: 40  
 Fjöldi karla: 111  
 Fjöldi höfuðborgarsv: 87  
 Fjöldi landsbyggð: 64

**Meðaltal:** 3,64 (kvarðinn 1-5)

# Taka upp aðildarviðræður?

**Spurning:** Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur því að Ísland taki upp aðildarviðræður við Evrópusambandið?





Afgerandi meirihluti svarenda, eða alls 77% er hlynntur því að Ísland taki upp aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Meirihluti kvenna jafnt sem karla er hlynntur því að Ísland taki upp aðildarviðræður við ESB. Karlar eru þó líklegri en konur til að taka mjög afgerandi afstöðu og vera mjög hlynntir aðildarviðræðum en á hinn bóginn líklegri að þær konur sem eru andvigar taki afgerandi afstöðu á móti, með því að vera mjög andvígur.


Heildarfjöldi svarenda: 151  
 Fjöldi kvenna: 40  
 Fjöldi karla: 110  
 Fjöldi höfuðborgarsv: 86  
 Fjöldi landsbyggð: 65

**Meðaltal:** 4,05 (kvarðinn 1-5)



# Þýðing aðildar fyrir ferðapjónustu

**Spurning:** Telur þú að aðild að Evrópusambandinu yrði hagstæð eða óhagstæð fyrir ferðapjónustu á Íslandi?





Meirihluti svarenda, eða alls 71% telur að aðild að ESB verði frekar eða mjög hagstæð fyrir ferðapjónustu á Íslandi. Hér er þó tiltölulega hátt hlutfall svarenda sem tekur ekki beina afstöðu eða alls 22% svarenda en þar sem aðeins 6% telur að aðild verði mjög eða frekar óhagstæð eru niðurstöður nokkuð skýrar og afgerandi.

Karlar eru hér líklegri en konur til að telja að aðild verði hagstæð en konur eru líklegri en karlar til að taka ekki afstöðu með því að velja hvorki/né. Ekki er mikill munur á viðhorfum eftir því hvar svarendur eru staðsettir nema hvað hlutfallslega fleiri á höfuðborgarsvæðinu eru óákveðnir, eða alls 25% svarenda.


Heildarfjöldi svarenda: 152  
 Fjöldi kvenna: 40  
 Fjöldi karla: 111  
 Fjöldi höfuðborgarsv: 87  
 Fjöldi landsbyggð: 65

**Meðaltal:** 3,94 (kvarðinn 1-5)




# Bakgrunnur svarenda


## Staðsetning




## Kyn




## Tegund fyrirtækis



## Stærð fyrirtækis (ársvelta)



## Hlutfall tekna í erlendum gjaldeyri



# Kostir þess að ganga í ESB

**Spurning:** Hverja telur þú helstu kosti þess að Ísland gangi í Evrópusambandið? - opin spurning.

Fjöldi svarenda: 109

**Stöðugleiki og jafnvægi** í einni eða annarri mynd er nefnt af flestum (alls 43) tengt mynt- og gengissveiflum og almennu rekstrarumhverfi fyrirtækja í ferðaþjónustu.

**Losna við krónuna** sem gjaldmiðil og **verða hluti af stærra hagkerfi, fjármálamarkaði og samstarfi** er nefnt af mörgum.

Komið inn á þætti eins og **dreifbýlisstyrki** og kjarabót og stöðuleika fyrir almenning og liðkun fyrir viðskiptum.

Fá gjaldmiðil sem er nær því að falla að erlendum lánum fyrirtækisins.

Þó segja aðrir að staðan sé svo óljós núna að það er erfitt að gera sér grein fyrir hvað er gott eða vont í stöðunni

Verðlag, lög og gjaldmiðill

Verðum hluti af stærrri heild og eykur öryggi að geta haft áhrif á ákvarðanir sem snerta okkur.

Verður auðveldara með öll samskipti

Umhverfisvitund og -meðvirkni, öflugri hagsmunagæsla íslenskrar sérstöðu í vinnslu samevrópsks regluverks

## **Traustur gjaldmiðill**

Þar sem við seljum okkar þjónustu í evrum er nauðsynlegt að vera í Evrópusambandinu

Að auki einn sem bendir á ef til vill verði pólitískt ástand ekki eins "mafiukennt".

Yngri kynslóðirnar í dag innan Evrópu eru orðnar miklu líkari í háttum, þannig að innganga í ESB myndi styrkja tengslanet okkar í allar áttir innan þess. '

"Aukinn stöðugleiki, minna hálfkák, minni áhrif staðbundinna (local) pólitíkusa, auðveldari samskipti og samanburður við önnur lönd"

**Sjá nánar lista aftast með öllum svörum.**

# Gallar þess að ganga í ESB

**Spurning:** Hverja telur þú helstu galla þess að Ísland gangi í Evrópusambandið? - opin spurning.

Fjöldi svarenda: 102

Helstu gallar sem nefndir eru **að tapa stjórn á auðlindum** okkar og þ.m.t. á **sjávarútvegsmálum, og fiskveiðistjórnun**, en einnig nefnt að hagstjórnin flytjist til Brussel sem skapi minni sveigjanleika í peningastefnu. Nokkuð margir nefna **tapað sjálfstæði og sjálfsforræði**. Einnig komið inn á að Ísland muni fá **punglamalega stjórn- og ákvarðanatökukerfi með miðstýrðu regluveldi og skrifræði**. Komið inn á þætti er lúta að mögulegum skort á tilliti til séríslenskra aðstæðna og mikla og dýra yfirbyggingu sem aðildarfyrirtækin (þjóðirnar) þurfa að fjármagna sameiginlega. Einn nefnir sem galla að sérstaða tapist og að ferðamenn komi ekki til með að geta nýtt sér t.d. taxfree .  
Verðhækkun innanlands  
Við hverfum sem heild

**Sjá nánar lista aftast með öllum svörum.**

# Ábendingar í lokin...

**Spurning:** Aðrar ábendingar í lokin? - opin spurning. Fjöldi svarenda: 37 - *Hvorki stafsetning né málfar svarenda er leiðrétt hé*

"Það liggur á að hefja viðræður áður en fyrirtæki í ferðaþjónustu falla eitt af öðru í gjaldþrot. Við megum ekki við 100% hækkun lánaafborgana milli ára."

"Upptaka Evru, aukinn stöðugleiki efnahagsmála, meiri fagmennska í landsstjórnarmálum, aukin umhverfisvitund og -meðvirkni, öflugri hagsmunagæsla íslenskrar sérstöðu í vinnslu samevrópsks regluverks"

"Sveiflur á okkar litla gjaldmiðli myndu heyra sögunni til sem gerir áætlanagerð fyrirtækja mun auðveldari."

"Að gengið verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu í ESB."

"Að mínu mati vegur spurningin um minnkað eða tapað sjálfstæði landsins við inngöngu í EB ekki þungt, þar sem með með ofneyslu og upptrekkum lífsstíl höfum við keyrt þjóðarskútuna í strand, og þar með fyrirgert sjálfstæðinu á vissan hátt."

"Að SAF GANGI STRAX Í MÁLIN VARDANDI INNGÖNGU Í EVRÓPUSAMBANDIÐ"

"Fáranlegt að spyrja aðeins um evru. Hér hefði átt að spyrja hvort taka ætti upp annan gjaldmiðil. Fáranlega leiðandi spurning þar sem er verið að réttlæta umsókn að ESB."

"Ferðaþjónustan þarf að fá áreiðanlegar upplýsingar um kosti og galla aðildar. Kosti og galla upptöku Evru. Er það skynsamlegt eins og staðan er núna? Hversu langan tíma osfrv. Saf gæti staðið fyrir málþingi þar sem færustu sérfr. myndu tjá sig um málið."

"Gott að þið séuð að kanna stöðuna með aðild ESB, það þarf koma vitræna umræðu af stað. "

"Hundleiður á þessum gengissveiflum síðustu áratuga."

"Legg þunga áherslu á að SAF beiti sér af öllu afli í málinu. Nú verður hlustað á ferðaþjónustuna"

"Mér fyndist líka áhugavert að taka upp nánara samstarf við færeyinga:)"

Það er fyrst og fremst þessi ónýta króna sem veldur því að við verðum að taka nýja stefnu. Við erum vegna veru í Evrópska Efnahagssv. að taka upp flestar tilskipanir ESB en höfum ekki tækifæri á að vera með í að móta þær. Fiskimiðin þurfum við að verja"

"Tel að nægileg umræða um kosti og galla aðildar hafi ekki ennþá átt sér stað. Fjöldmörgum spurningum er ósvarað áður en hægt er að taka afstöðu. Getum við fullnægt skilyrðum um upptöku evrunnar í dag ef við værum aðilar að EU? Ef ekki er ? þá fræðileg.. "!

"Skil ekki þessa ofsatrú á ESB - myndi bjóða uppá aðra könnun um td. myntbandalag við Noreg.

"Ekki láta ástandið núna hræða okkur út í ESB - ESB löndin eru ekkert betur sett en við og við verðum ekki að neinu ef við göngum í ESB"


"Vonandi faið þið ekki að álykta í okkar nafni að það eigi að leggja okkur á silfurfati fyrir Evrópusambandið , Eg mótmæli."

"Megum ekki ofurselja okkur einhverjum nauðasamningum."


"Fáranlegt að vera með svona könnun á þessum tíma. Það er eins og spyrja um hvernig fótboltaleikur fer þegar staðan í hálfleik er 4-0.

# Eftir tegund fyrirtækja

Ertu hlynnt/ur eða andvíg/ur því að evra verði tekin upp sem gjaldmiðill á Íslandi í stað íslensku krónunnar?




Ert þú hlynnt/ur eða andvígur aðild Íslands að Evrópusambandinu?




# Eftir tegund fyrirtækja

Ert þú hlynnt/ur eða andvígur því að Ísland taki upp aðildarviðræður við Evrópusambandið?




Telur þú að aðild að ESB yrði hagstæð/óhagstæð fyrir ferðaþjón. á Íslandi?




# Eftir ársveltu

Ertu hlynnt/ur eða andvíg/ur því að evra verði tekin upp sem gjaldmiðill á Íslandi í stað íslensku krónunnar?




Ert þú hlynnt/ur eða andvígur aðild Íslands að Evrópusambandinu?




# Eftir ársveltu

Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur því að Ísland taki upp aðildarviðræður við Evrópusambandið?



Telur þú að aðild að Evrópusambandinu yrði hagstæð eða óhagstæð fyrir ferðaþjónustu á Íslandi?



# Fjöldi svarenda eftir bakgrunni

## Kyn

Konur:	40
Karlar:	111
<b><u>Samtals:</u></b>	<b><u>151</u></b>

## Staðsetning

Höfuðborgarsvæði:	87
Landsbyggð:	65
<b><u>Samtals:</u></b>	<b><u>152</u></b>

## Tegund fyrirtækis

Afþreyingarfyrirtæki:	17
Bílaleigur:	8
Ferðaskrifstofur:	32
Flugfélög:	5
Gististaðir:	51
Hópbifreiðar:	8
Veitingastaðir:	19
Annars konar ft:	12
<b><u>Samtals:</u></b>	<b><u>152</u></b>

## Ársvelta fyrirtækis:

50 milljónir og minna:	53
51-500 milljónir:	75
Yfir 500 milljónir:	24
<b><u>Samtals:</u></b>	<b><u>152</u></b>

## Hverja telur þú helstu kosti þess að Ísland gangi í Evrópusambandið? - Stafsetning og málfar er ekki leiðrétt!

Útjöfun á viðskiptalegum sveiflum í efnahagslífinu með óbeinum áhrifum inni ferðapjónustumarkaðinn. 2) Yngri kynslóðirnar í dag innan Evrópu eru orðnar miklu líkari í háttum, þannig að innganga í ESB myndi styrkja tengslanet okkar í allar áttir innan

Aðeins með því móti er víst möguleiki á upptöku evru.

allt verður dýrara!

Aukinn stöðugleiki, minna hálfkák, minni áhrif local pólitíkusa, auðveldari samskipti og samanburður við önnur lönd

Aukinn stöðuleiki

Betra aðgengi að mörkuðum.

Eðlilegt að við skipum okkur í hóp Evrópuþjóða á sömu forsendum og aðrar þjóðir sem þar eru. Sem þýðir að við njótum hagkvæmni stærðarinnar og heildarinnar auk þess sem vænlegra er að berjast fyrir sérhagsmunun innan frá en utan.

Efnahagslegur stöðugleiki

Efnahagslegur stöðugleiki og myntbandalag (gengissveiflur eru ferðapjónustu mjög óhagstæðar).

Einfaldar öll samskipti við evru lönd. eina leiðin til að skapa stöðugleika. Ísl. króna ekkilengur gjaldmiðill nema á heimamarkaði

Eins og er til að komast inn í myntbandalagið Gæti flýtt fyrir að byggja upp nýtt Ísland með traustum grunni.

Ekkert/engar x 8

Engir kostir að ganga í Evrópusambandið en Myntbandalagið stöðug mynt

Evra jaðarsvæði fái aðstoð til markaðsetningar landbyggðin fái jafna möguleika og þéttbýli evran x 4

Ég sé fáa kosti við það

Fá alvöru mynt í stað ISK sem skapaði stöðugleika í viðskiptum okkar við önnur lönd

gangi í myntbandalag sem er sterkt og ekki er hægt að ráðast á eins og Íslensku krónuna.

Gjaldeyrissáttmáli minnkar, stöðugleiki, lægri vextir

hef ekki kynnt mér málið nógu vel

Hef trú á að með aðild að Evrópusambandinu komist á stöðugleiki á Íslandi á ný.

Hugsanlegir bakhjarlar ef bankar verða gjaldþrota. En það er of seint núna.

Hægt væri að auka stöðugleika, en spurning hvar sá stöðugleiki væri fundinn. Ekki heppilegt að hann sé fundinn á meðan við erum stödd í kjallaranum í húsi evrópusambandsins þegar kemur að aðildarviðræðum.

Jafnvægi

Jafnvægi á gengi gjaldmiðla, niðurfelling verðbóta á lánum.

Jafnvægi og stöðugleiki eykst. Fáum aðgang að samningaborðum um reglur sem við erum í dag að innleyða án nokkurra áhrifa.

Kjarabót og stöðuleiki fyrir almenning.

Kæmumst í stöðugri gjaldmiðil

Liði fyrir viðskiptum

Losna við krónuna sem gjaldmiðil og etv. að pólitískt ástand verði ekki eins mafiúkennt

Með aðild erum við virkari þátttakendur í stefnumótun og reglugerðasetninu ESB auk þess að vera virkari í alþjóðasamfélaginu almennt. Með upptöku € verðum aðilar að öflugum og stöðugu myntbandalagi sem bætir rekstrarumhverfi og lækkar vexti.

Meiri stöðugleiki í efnahagslífinu. Lægri vextir

meiri stöðugleiki í efnahagsmálum

Meiri stöðugleiki í gengismálum

Meiri stöðugleiki og minni áhætta í rekstri. Eins og er þá er ekki hægt að rukka fyrir áhætuna sem felst í því að not krónu.

Meiri stöðugleiki. Stuðningur við uppbyggingu í ferðapjónustu í dreifðum byggðum. Lægri vextir.

Meiri stöðuleiki í efnahagslegu umhverfi og fleiri möguleikar á ódýrara fjármagni.

Minni sveiflur í rekstri - traustara viðskiptaumhverfi - sterkari bakhjarlar

Múgsefjun - mainstream uppgjöf

Myntbandalagið og stöðug gengisskráning.

Myntsamstarfið. Íslenskt atvinnulíf getur ekki keppt við aðrar þjóðir meðan óvissa um gengi ISK er stærsti áhættuþátturinn í rekstri hér á landi.

Óvissa með gjaldmiðla og á hvaða verðum við erum að selja vöruna verður eytt

Sama mynt, þótt líklega mun verðlag hérna verða hærra en í mörgum löndum.

sameiginlegur markaður sem væri hægt að nýta

Se enga sem við höfum ekki þegar af EES samningi

Sé enga.

Sleppa við gengissveiflur

Stabílli gjaldmiðill eins og staðan er í dag.

Staðan er svo óljós núna að það er erfitt að gera sér grein fyrir hvað er gott eða vont í stöðunni

Stærra hagkerfi að vinna í - útiloka gengissveiflur við evrópu.

Stærri peningalegur markaður og samkeppni á fjármálamarkaði

Stöðugleika fyrir reksturinn, gjaldmiðil sem er nær því að falla að erlendum lánnum fyrirtækisins og gjaldmiðil sem þegar er þekkt eining í mörgum löndum

Evrópu og því hagstætt fyrir ferðamanninn að nota hér.

Stöðugleiki

Stöðugleiki

Stöðugleiki

Stöðugleiki í gengismálum

Stöðugleiki og aukin tækifæri til eflingar atvinnulífs á Íslandi

Stöðugleiki, lægra vöruverð meira framboð af þjónustu

stöðugra efnahagsástand, minni líkur á fíaskóum

Stöðugra gengi, lægra vöruverð

stöðugra rekstrarumhverfi fyrst og fremst þegar á heildina er litið.

Stöðugri gjaldmiðill. Betri byggðastefna

stöðugt gengi

Stöðugt gengi gjaldmiðilsins

Stöðugt rekstrarumhverfi

Stöðugt verðlag, áreiðanlegur gjaldmiðill

Stöðuleika

Stöðuleika í gengismálum Aðgangur að fjarmagni og þekkingu

stöðuleiki

Stöðuleiki

stöðuleiki 1-2 og 3

Stöðuleiki á gjaldeyrismálum, auðveldar verðlagning með tilheyrandi hagræðingu.

Stöðuleiki í fjármögnun og stabilla umhverfi að öllu leiti

Stöðuleiki og betra verðlag

Sú hagsæld sem hlýst af stöðugleika verður vart mæld til fjár. ESB er samband sjálfstæðra þjóða sem setja sér sameiginlega reglur. Það dregur úr möguleikum gömlu flokkana að skipta á milli sín völdum og verðmætum.

Sveiflur á okkar litla gjaldmiðli myndu heyra sögunni til sem gerir áætlanagerð fyrirtækja mun auðveldari.

Tekjur og gjöld taka mið af okkar nánast umhverfi. Hvað hins vegar verður um allar okkar vísitölur og verðmælingar sem tengast þeim á eftir að fá svör við sambandsins eins og EEB aðildin keður á um.

Upptaka evru og stöðugri mynt

Upptaka Evru, aukinn stöðugleiki efnahagsmála, meiri fagmennska í landsstjórnarmálum, aukin umhverfisvitund og -meðvirkni, öflugri hagsmunagæsla

Íslenskrar sérstöðu í vinnslu samevrópsks regluverks

Veit barasta ekki

Veit ekki

veit það ekki!! Verðum að fá drög af samningi fyrst. Hvetjum eindregið til að losna við gjaldmiðillin, myndum einnig skoða efnahags- og myntsamning við Norðmenn

verða partur af stærra svæði, mynt, lægri vextir, lægri verðbólga, engin verðtrygging, ferðamenn nota sinn gjaldmiðil, fáum rödd í Brussel, tökum þátt í að móta reglur í Evrópu ofl.

Verðlag. lög og gjaldmiðill

Verðum hluti að stærri heild

Verður auðveldara með öll samskipti

Við munum sitja við samningaborðið Möguleikin á að taka upp Evru virðist háður því að við göngum í Evrópusambandið

Við tengjumst evrópu betur og og getum nítt okkur dreifbýlisstyrki þeirra

Við tækjum upp evruna

Við verðum í umhverfi sem tekur tillit til þeirrar stærðar sem ESB er en verðum ekki útundan - þeir aðilar sem hafa tekjur sínar að verulegu leyti í erlendri

mynt þá hefur það verið erfiðasti þátturinn að vera með aðra mynt í viðskiptunum

Viðskipti og aukin samskipti (ferðaþjónusta)

Von um stöðugleika

Vonandi að fá meiri stöðuleigka.

Það er fyrst og fremst vegna gjaldmiðilsins

þar sem við seljum okkar þjónustu í evrum er nauðsynleg að vera í Evrópusambandinu

Þvingaður stöðugleiki

Öryggi að geta haft áhrif á ákvarðanir sem snerta okkur. Traustur gjaldmiðill

Öryggi og meiri jafnvægi

## Hverja telur þú helstu galla þess að Ísland gangi í Evrópusambandið? - Stafsetning og málfar er ekki leiðrétt!

Skynjað sjálfstæði minna, erfiðara að halda sérstöðu

Að ekki verði hægt að tryggja aðra hagsmuni eins og sjávarútveg

Að hugsanlega komi upp hagsmunamat sem teldist óhagkvæmt. Verður samt að láta reyna á slíkt og meta heildarkosti og galla.

Að láta sig drauma það að ganga í ESB reddi öll vandamál. Það þarf bara að skoða í kringum sig til að sannfæra sig að þau lönd sem hafa farið í gegnum þennan feril hafa þurft að þola ýmislegt. Þetta er nokkurra ára verkefni.

Auðlindir okkar á sviði sjávarútvegs eru í höndum skuldsettra sjávarútvegsfyrirtækja sem munu mörg ekki standast samkeppni frá öðrum fyrirtækjum innan evrópusambandsins. Þess vegna þarf að huga að því að auðlindin komist í hendur þjóðarinnar.

Aukið regluverk og spurning um nýtingu auðlynda

Aukið skrifræði - fiskveiðistefna - minni sveigjanleiki

Á sviði sjávarútvegsmála

Ákveðið frelsi til ákvarðanatöku er þar með farið frá okkur

Efnahagsstjórnin missir það stjórnæki sem gengisfelling ísl. krónunar hefur verið. Verður mikið atvinnuleysi eina lausnin til að slá á þennslu

og leiðréttu kaup og kjör.

Einu gallarnir eru að standa utan bandalagsins

Ekkert/enga x 4

Ekki hægt að svara fyrir en búið er að fá það á hreint hvað við fáum og hvað við þurfum að láta af hendi.

enga svo stórvægilega að það yfirgnæfi kostna

enn að leita af þeim

fáa en kannski helst að reglugerðarverkið og burócrasian aukist

Fiskveiðistjórnun fari frá Ísl.

fiskveiðistjórnunin - mikilægast í þessu öllu er hvernig okkur tekst að semja um yfirráð yfir fiskveiðinni hér við land!

flókið

framsal á sjálfstæði og auðlindum ásamt miklu atvinnuleysi í aðildarlöndum ESB

Fullveldisafsal. mikill kostnaður til langs tíma.

Gengissveiflur

glötum sjálfstæði, ráðum ekki yfir auðlyndum.

Glötun á sjálfræði og sjálfstæði í hendur kerfis sem er illa ígrundað og stjórnað, hvers verkefni ættu heldur að vera á alheimskvarða en

takmörkuð við og mest í höndum nokkurra Evrópulanda.

Gæti þýtt einhverja frelsissviptingu í sambandi við nýtingu auðlynda einkum fiskistofna

gætum tapað ákveðinni sérstöðu.

Hef ekki kynnt mér málið nógu vel

Heildarferlið frá aðildarviðræðum að þáttöku í myntbandalaginu tekur nokkur ár. Það er galli að skammsýnir stjórnáamenn okkar séu ekki lagðir af stað í þessa ferð fyrir löngu.

Hugsanlega að þurfa að deila með öðrum þjóðum auðlindum.

Hugsanlega fiskveiðiheimildinar sem við myndum þurfa að gefa eitthveð eftirt yfir til annarra ríkja, s.s. Spánar.

hugsanlega miklar breytingar fyrir einstakar atvinnugreinar

hugsanlega veikari staða t.d. gagnvart USA og slæmt ef sjávarauðlindir tapast

Hugsanlegt framsal á yfirráðum Íslendinga yfir náttúruauðlindum þjóðarinnar

Höfum ekki sömu stjórn á fiskimiðunum

Kannski minna sjálfstæði (þó erum við nú þegar dæmd til að taka upp ansi margt af því sem að EU leggur fyrir sín aðildaríki). Kom á óvart á fundinum um daginn hvað aðild að EU hefði lítil áhrif á ferðapjónustuna.

Kem ekki lengur auga á galla við það

Kostirnir yfirgnæfa gallana - annars vitum við auðvitað ekkert hvernig samningur yrði í boði.

Litlir í stóru samstarfi og því spurning um vægi okkar.

lítið og mjög viðkvæmt hagkerfi. Mynt sem stendur ekki undir væntingum og regluverk sem íslenskir aðilar hafa enga möguleika að hafa áhgrif á margir, sjálfstæði landsins í hættu, allt verður ennþá dýrara!!

Minna sjálfstæði landsins.

Minni efnahagsstjórn. Óvissa um stjórnun á auðlindum okkar.

minni sveigjanleiki í lækka laun þegar á móti blæs

Minnkað sjálfstæði og stjórnun á ýmsum málum á Íslandi.

Missa forræði yfir sjávarútvegi. Óheftur innflutningur landbúnaðarvara

Missum allt vald á peningamálum okkar.

Missum fiskimiðin okkar til Brussel og matvælaframleiðsla um leggjast af

Missum sjálfsforræði og faum sömu meðöl og henta milljónaþjóðum,

Missum sjálfstæði

Missum sjálfstæði vegna smægðar okkar

missum sjálfstæðið

Missum sjálfstæði m.a. í fiskveiðimálum

Missum stjórn á vaxtaákvörðun og mismunandi hagsveifla getur leitt af sér mikla verðbólgu eða mikið atvinnuleysi

Mjög fáa á móti kostum

Of margir til að telja upp hér. Helst þó umráðaréttur yfir eigin auðlindum.

Of mikið bjákn

Of mikla miðstýringu, en við erum þegar hluti af henni að 2/3 leyti.

óheft fæðandi vinnuafli

Óheftur innflutningur

Óljóst

Óljóst um fisveiðar innan lögsögunar svo ýmsar íþyngjandi tilskipanir

óvissa með auðlindirnar

Óvissa um fiskinn

Óvissu varðandi nýtingu auðlinda þjóðarinnar.

Ráðum ekki lengur auðlindum eins og t.d. fiskimiðunum

regluverk ákvarðanir teknar í brussel

Regluverk verður þyngra, minni sveigjanleiki í peningastefnu

regluverkið í sambandi við fiskveiðistjórnunina

sama veit það ekki

Semja þarf um fiskveiðar.

Sé ekki neina galla miða við stöðuna eins og hún hefur verið síðastliðin ár svo ekki sé mynnst á núna.

sé enga

Sé þá ekki í hendi mér, gallar okkar manna eru slíkir að allt annað er betra.

Sé þá ekki miðað við skyldur okkar í dag í gegnum samninginn um Evrópska Efnahags Svæðið

Sjávarútvegsstefnan

sjávarútvegstefnan

Sjávarútvegurinn er auðlend Íslendinga á sama hátt og ferðaþjónustuan. Þannig verður það að vera. Þjóðin verður að ráða yfir auðlindum sínum.

Annars tel ég að við höfum ekki öll rök, allar upplýsingar á borðinu um hvað aðild myndi þýða í núv. árferði.

Skekka í landbúnaði og sjávarútvegi

Skert sjálfstæðisímynd.

Skrifræði í Brussel

Stjórn fiskveiða

Stjórn og sjálfstæði Íslands og auðlindir þess væru í hættu

Takmörkuð bein hagstjórn

Tapa forræði yfir auðlindum þjóðarinnar

Tapa yfirráðum yfir fiskimiðum.

tel að Ísland missi ákveðna sérstöðu, t.d. geta ferðamenn ekki nýtt sér taxfree .

veit ekki x 3

verð hækkun innanlands

Við hverfum sem heild

Við missum hluta sjálfstæðis okkar t.d. fiskimið

Við töpum yfirráðum yfir auðlindum. Hagstjórnin flyst til Brussel. Óendanlegt skrifræði. Verðum minna spennandi sem áfangastður.

það verður erfitt fyrir Íslendinga að fara eftir reglum

það þarf að semja sér um fiskimiðin

Þarf að gæta hagsmuna í fiskveiðum og orkuiðnaði.

Þá missum við sjálfstæði

þeir koma í ljós við aðildarviðræður

þunglamalegt stjórn- og ákvarðanatökukerfi, mögulegur skortur á tilliti til séríslenska aðstæðna, mikil og dýr yfirbygging, sem aðildarfyrirtækin hljóta

að þurfa að fjármagna sameiginlega.

Þær eru of margar til að telja upp hér. Meðal þess er tap á yfirráðum á auðlindum, markmið Evrópusambandsins til að ná stjórnarráðum yfir aðildarríkjum.

Bandaríki sameinaðra Evrópuþjóða hljómar ekki vel.

## Aðrar ábendingar í lokin - Stafsetning og málfar er ekki leiðrétt

Að gengið verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu í ESB.

Að mínu mati vegur spurningin um minnkað eða tapað sjálfstæði landsins við inngöngu í EB ekki þungt, þar sem með ofneyslu og upptrekkum lífsstíll höfum við keyrt þjóðarskútuna í strand, og þar með fyrirgert sjálfstæðinu á vissan hátt.

Að SAF GANGI STRAX Í MÁLIN VARÐANDI INNGÖNGU Í EVRÓPUSAMBANDIÐ.

Efla vitund almennings um sparnað og fleira tengt því strax í forskóla og grunnskóla.

Ekki láta ástandið núna hræða okkur út í ESB - ESB löndin eru ekkert betur sett en við og við verðum ekki að neinu ef við göngum í ESB

Engar/ekkert/engar sérstakar x 6

Ég held að það sé búið að fullreyna krónuna - ég var aldrei hrifinn af því að ganga í evrópusambandið en ég held að það sé búið að fullreyna að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil á okkar litla efnahagssvæði.

Fáranlegt að spyrja aðeins um evru. Hér hefði átt að spyrja hvort taka ætti upp annan gjaldmiðil. Fáranlega leiðandi spurning þar sem er verið að réttlæta umsókn að ESB.

Ferðapjónustan þarf að fá áreiðanlegar upplýsingar um kosti og galla aðildar. Kostir og galla upptöku Evru. Er það skynsamlegt eins og staðan er núna? hversu langan tíma osfrv. Saf gæti staðið fyrir málþingi þar sem færustu sérfr. myndu tjá sig um málið.

Flýta þarf viðræðum um inngöngu í evrópusambandið.

Gott að þið séuð að kanna stöðu með aðild ESB, það þarf koma vitræna umræðu af stað.

Göngum til viðræðna við Evrópusambandið strax

Hópfærðabifreiðar og ferðaskrifstofa

Hundleiður á þessum gengissveiflum síðustu áratuga.

Kerfi og yfirvöld verða að styðja litil sjálfstæð fyrirkæmi og ekki bara stóra togara.

Látið í samtökunumheyra að við verðum að byrja strax að sækja að aðild að EB

Legg þunga áherslu á að SAF beiti sérr af öllu afli í málinu. Nú verður hlustað á ferðapjónustuna

Málið er á dagskrá, sem langtímamarkmið en ekki skammtímamarkmið. Mikilvægt að setja kúrsinn þannig að ákvarðanir næstu mánaða og missera eigi sér tilvísun í framtíðina

Megum ekki ofurselja okkur einhverjum nauða samningum.

Mér fyndist líka áhugavert að taka upp nánara smatsrf við færeyinga:)

Nei x 4

Skil ekki þessa ofsatrú á ESB - myndi bjóða uppá aðra könnun um td. myntbandalag við Noreg.

Tel að nægileg umræða um kosti og galla aðildar hafi ekki ennþá átt sér stað. Fjölmörgum spurningum er ósvarað áður en hægt er að taka afstöðu.

Getum við fullnægt skilyrðum um upptöku evrunnar í dag ef við værum aðilar að EU? Ef ekki er ? þá fræðileg..

Verðum einfaldlega að ganga inn - aðrir kostir eru ekki í stöðunni !

Vonandi faið þið ekki að álykta í okkar nafni að það eigi að leggja okkur á silfurfati fyrir Evrópusambandið , Eg mótmæli.

Það er fyrst og fremst þessi ónýta króna sem veldur því að við verðum að taka nýja stefnu. Við erum vegna veru í Evrópska Efnahagssv. að taka upp flestar tilskipanir ESB en höfum ekki tækifæri á að vera með í að móta þær. Fiskimiðin þurfum við að verja

Það liggur á að hefja viðræður áður en fyrirtæki í ferðapjónustu falla eitt af öðru í gjaldþrot. Við megum ekki við 100% hækkun lánaafborgana milli ára.

Það verður að komsat til botns í þessum vandræðum og greiða fyrir gjaldeyrisviðskiptum dæla peningum í landkynningu og ýmindavinnu

Þrýsta á sjónvöld með að láta upptöku evru ganga hratt fyrir sig